



Umhverfissráðuneytið
Skuggasundi 1
150 Reykjavík

14. maí 2018

Umsögn um drög að reglugerð um mengaðan jarðveg.

Heilbrigðiseftirlitið hefur yfirfarið ofangreind reglugerðardrög ásamt greinargerð sem kynnt er á samráðsgátt ráðuneytisins og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Fagna ber framlögðum drögum að reglugerð um mengaðan jarðveg.

Varðandi skilgreiningu á landnotkun í 3. gr. þá er gert ráð fyrir heldur hærrí viðmiðunarmörkum vegna landnotkunar fyrir atvinnusvæði sbr. 1. viðauka. Atvinnusvæði gæti verið leikskóla- eða skólalóð og því þarf að skoða skilgreiningar uppá nýtt með tilliti til nýtingar og viðkvæmni notenda fyrir menguninni. Æskilegt væri að slíkar lóðir væru í dálknum landnotkun íbúðarhúsnæðis. Á móti kemur að maður skyldi ætla að þeir sem hafa lifað ævina á enda væru ekki sérlega viðkvæmir gagnvart jarðvegsmengun en kirkjugarðar lenda í flokki landnotkunar fyrir íbúðarsvæði.

Í 7. gr. mætti taka frama það sé refsivert að grípa ekki tafarlaust til ráðstafana til að fyrirbyggja frekari mengun. Það gæti jafnvel átt við víðar í reglugerðinni. Með slíkri setningu eru refsíakvæði laganna skýrð. Í sömu grein er í 4. mgr. lagt á heilbrigðisnefndir að skera úr um hlutfallslega mengun. Mögulega getur það gengið en það mætti nánar geta um við hvað heilbrigðisnefnd á að miða. Gera verður þá ráð fyrir að ákvörðun nefndarinnar sé kæránleg til úrskurðarnefndar ef aðilar máls eru ósáttir.

Í 13. gr. er orðið „eldri“ ofaukið. Í greininni má velja því upp hvort aflagðir urðunarstaðir eigi ekki heima á þessum flokki. Ekki er víst að urðunarstaðir frá hernámsárunum séu á skilgreindum varnarsvæðum.

Virðingarfyllst,



Þorsteinn Narfason
framkvæmdastjóri.